

Mismunandi skoðanir á málfrelsi

Skoðun A: Málfrelsi

Í réttlátu samfélagi er málfrelsi eitt af grundvallarmannréttindum og ætti ekki að vera takmarkað.

Takið til umhugsunar atriði eins og:

- Neikvæð áhrif ritskoðunar.
- Pólítískar afleiðingar af takmörkuðu málfrelsi og takmörkuðum rétti til ágreinings.
- Ástand í þeim löndum heims þar sem málfrelsi er takmarkað.
- Mikilvægi málfrelsis í lýðræðissamfélagi.
- Önnur atriði.

Skoðun B: Málfrelsi

Í réttlátu samfélagi er stundum nauðsynlegt að takmarka málfrelsi til þess að hægt sé að vernda réttindi annarra.

Takið til umhugsunar atriði eins og:

- Áhrifin sem fordómafull umræða hefur á minnihlutahópa.
- Hvernig málf lutningur getur verið notaður til að hvetja til ofbeldis.
- Ástand í öðrum löndum heims þar sem ótakmarkað málfrelsi getur leitt til brota á réttindum.
- Þörfina til þess að innleiða skyldur, ekki bara réttindi.
- Önnur atriði.

Mismunandi skoðanir á barnaþrælkun

Sjónarhóll A: Barnaþrælkun

Til þess að vernda rétt barnsins til hvíldar, til að stunda leiki, til að læra og til að fullorðnast á heilbrigðan hátt verður algjörlega að framfylgja lögum um vinnu barna.

Takið til umhugsunar atriði eins og:

- Hvað börnin missa úr menntun sinni þegar þau eru neydd til vinnu.
- Þá staðreynd að börn vinna oft við óheilbrigðar aðstæður.
- Hvernig börn eru oft arðrænd í vinnu þar sem þau hafa ekki tök á því að berjast fyrir rétti sínum.
- Önnur atriði.

Sjónarhóll B: Barnaþrælkun

Börnum ætti að vera leyft að vinna til þess að styðja við bakið á fjölskyldum sínum sem eiga oft erfitt um vik í slæmu efnahagsástandi. Einnig hjálpar vinnan börnum að vaxa úr grasi sem nýtir þjóðfélagsþegar.

Takið til umhugsunar atriði eins og:

- Þá staðreynd að í mörgum samfélögum eru störf af skornum skammti og börnin gætu verið eini tekjumöguleiki fjölskyldunnar.
- Þá staðreynd að í mörgum samfélögum er venja að börn vinni með fullorðnum.
- Þá skoðun að það að halda börnum frá því að vinna afkastamikið starf einangrar þau um of frá heimi fullorðinna.
- Þá staðreynd að vinna getur verið lærdómsrík fyrir börnin.
- Önnur atriði.